



Oddeyrarskóli Tengja

10. tölublað
skólaárið
2012-2013

Maí 2013

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

Í haust var ákveðið að efna til nýs þróunarverkefnis hjá 4. bekk grunnskólanna á Akureyri sem hefur hlotið nafnið Litla upplestrarkeppnin. Litla upplestrarkeppnin hófst formlega á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember 2012 og stóð fram í apríl 2013.



Lokahátíð Litlu upplestrarkeppninnar var haldin hér í Oddeyrarskóla miðvikudaginn 17. apríl og var foreldrum boðið á hana. Það var einstaklega gaman að hlýða á flutning nemenda á textum og söng og eru þau efni í góða upplesara. Hægt er að skoða myndir frá upplestrarkeppninni á myndasíðu skólans.

Eining-löjla heimsækir 10. bekk



Föstudaginn 3. maí
heimsótti Anna
Júlíusdóttir
starfsmaður

Einingar—löjla 10.
bekk til að fræða

nemendur um réttindi og kjör á
vinnumarkaði.

Búningadagur og hreystikeppni

Föstudaginn 24. maí var slegið á léttu strengi í skólanum. Haldinn var búningadagur í skólanum og voru margir geysiflottir nemendur og starfsmenn í alls kyns búningum. Einnig var haldin hreystikeppni, en það er keppni í hreystiprautum milli, 8., 9., 10. bekkjar og starfsmanna. Bar 10. bekkurinn sigur úr bítum að þessu sinni.



List- og verkgreinar á unglíngastigi skólaárið 2013-2014

Nú í vetur voru list- og verkgreinar inni í kjarnanámi nemenda með þeim hætti að nemendur voru í blönduðum hópum úr 8.-10. bekk í list- og verkgreinum. Fyrirkomulagið var þannig að nemendur voru 6 vikur í hverri námsgrein, þ.e. smíðum, leiklist, myndlist, textílmenn og tónlist. Fyrir næsta vetur var tekin ákvörðun um að gefa nemendum meira val þannig að skólaárinu er skipt í þrjú tímabil og nemendur geta valið sér greinar. Þannig geta þeir verið þrjú tímabil í ólíkum list- og verkgreinum en einnig geta þeir verið tvö til þrjú tímabil í sömu grein ef þeir kjósa.



Á döfinni



27.-31. maí: 7. bekkur fer á Reyki.

3.-5. júní: 10. bekkjar ferðalag í Skagafjörð.

4. júní: UNISEF áheitaþaup.

5. júní: Ratleikur og sund (skertur dagur)

6. júní: Dagur með umsjónarkennara (skertur dagur)

7. júní: Útileikar á skólalóð og skólaslit:

1.—7. bekkur kl. 12:30 á sal

8.—10. bekkur kl. 17:00 á sal.

Vinna í nýrri skólanámskrá Oddeyrarskóla

Nú eru kennarahópar búnir að vera að vinna að nýrri skólanámskrá. Vinnan fer fram í litlum hópum kennara sem vinna að ólíkum köflum skólanámskrár. Þeir efnisþættir sem nú er unnið með eru *nám og kennsla, samstarf við nærsamfélagið, foreldrasamstarf, teymiskennsla og samstarf skólastiga*. Einnig er hópur að vinna að skráningu á sögu skólans. Nú hafa kennarar fengið tækifæri til umsagnar um aðra þætti en þeir unnu að en nú taka stjórnendur við og samræma uppsetningu og annað svo námkráin verði birtingarhæf til umsagnar annarra aðila, s.s. foreldra.

Næsta vetur verður síðan byrjað að vinna eftir nýrri námskrá og hugað að starfsáætlun með áherslu á markmið, áætlanir og námsmat.

Ferð 7. bekkjar í skólabúðirnar að Reykjum



Í dag, mánudaginn 27. maí héldu 25 nemendur 7. bekkjar og umsjónarkennarar þeirra af stað í skólabúðirnar að Reykjum, þar sem þau munu dvelja til föstudags. Við óskum þeim góðrar ferðar og skemmtunar :)

Leikur að læra

Föstudaginn 12. apríl fóru allir kennarar yngsta stigs ásamt íþróttakennara skólans og deildarstjóra á námskeið í kennslufræðinni *Leikur að læra*.

Þetta er hugmyndabanki að því hvernig hægt er að vinna að mismunandi námsmarkmiðum án þess að nota kennslubókina.

Kennarar geta þannig nýtt leiki og æfingar þar sem samþætting hreyfingar við stærðfræði-, bókstafa- og hljóða-, lita- og formakennslu er höfð að leiðarljósi. Aðferðin gengur út á það að nýta hreyfingu um leið og lært er, t.d. um stafi, orð, tölustafi og margt fleira.

Kennarar á yngsta stigi eru að prófa þetta í kennslunni og er áhætt að segja að þetta brýtur upp bóklegt nám enn meira en áður. Myndir af krökkunum þar sem hugmyndirnar eru notaðar á myndasíðu skólans.

Hægt er að kynna sér hugmyndafræðina á vefsíðunni leikuradlaera.is

